

Mýrdalshreppur  
Austurvegi 17  
870 Vík



Reykjavík 13. ágúst 2015  
UST201506-070/E.D.K.  
08.14.02

### Áminning vegna vanskila á magntölum úrgangs

Þar sem Mýrdalshreppur hefur starfsleyfi til að meðhöndla úrgang er sú skylda lögð á rekstraraðila að skila fyrir 1. maí ár hvert skýrslu til Umhverfisstofnunar um þann úrgang sem meðhöndlaður var á undangengnu almanaksári, sbr. 19. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs. Þann 1. maí sl. rann út frestur til að skila ofangreindum upplýsingum fyrir árið 2014 og hafa stofnuninni ekki borist umræddar upplýsingar.

Þann 12. júní sl. áformaði Umhverfisstofnun að áminna Mýrdalshrepp vegna vanskila á magntölum úrgangs. Rekstraraðila var veittur frestur til 26. júní 2015 til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri. Umhverfisstofnun hafa ekki borist athugasemdir frá rekstraraðila.


**Umhverfisstofnun veitir Mýrdalshreppi áminningu, sbr. 66. gr. laga nr. 55/2003, um meðhöndlun úrgangs, þar sem stofnuninni hafa ekki borist magntölur úrgangs frá rekstraraðila. Umhverfisstofnun veitir rekstraraðila frest til að senda inn staðfestingu á úrbótum til og með 4. september 2015.**

Sinni rekstraraðili ekki tilmælum Umhverfisstofnunar innan tilskilins frests er stofnuninni heimilt að ákveða rekstraraðila dagsektir allt að upphæð 500.000 kr á dag þar til úr er bætt, sbr. 3. mgr. 66. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs. Þær aðgerðir yrðu þó áformaðar sérstaklega og boðið upp á andmælafrest.


Umhverfisstofnun bendir á að skv. 67. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs er heimilt að vísa ágreiningi um ákvarðanir yfirvalda til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, sbr. 4. gr. laga nr. 130/2011. Skal kærán borin fram við nefndina innan eins mánaðar frá því að ákvörðun þessi berst rekstraraðila í hendur skv. 1. gr. laganna. Aðsetur nefndarinnar er að Skuggasundi 3, 101 Reykjavík.

Umhverfisstofnun vill vekja athygli á 1. gr. gjaldskrár Umhverfisstofnunar nr. 535/2015, þar sem segir að stofnunin innheimti gjald fyrir útselda vinnu sérfræðings við verkefni og þjónustu sem stofnuninni eru falin í lögum og reglugerðum og sem heimilt er að taka gjald fyrir. Gjald fyrir vinnu sérfræðings við eftirfylgni vegna frávika frá ákvæðum starfsleyfis verður innheimt samkvæmt gjaldskrá.

Óski rekstraraðili eftir frekari upplýsingum má hafa samband við Guðmund B. Ingvarsson í síma 591-2000 eða með tölvupósti á [gbi@ust.is](mailto:gbi@ust.is). Gögnum skal skila í pósti til Umhverfisstofnunar eða á netfangið [ust@ust.is](mailto:ust@ust.is).

  
Sigríður Kristjánsdóttir  
sviðsstjóri

Virðingarfyllt

  
Eva Dögg Kristjánsdóttir  
sérfræðingur